

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur
Samkvæmt lögum nr 18/1996, um erfðabreyttar lífverur

Umsögn

2. mars 2005

Umhverfisstofnun
Reykjavík

Umsögn ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur vegna fjögurra umsókna Íslenskrar erfðagreiningar um leyfi til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar lífverur af flokki III, borin upp 1. mars 2005.

1. Umsókn dagsett 24. nóv. 2004, um leyfi fyrir Apo-E (-/-) mýs. Sótt er um innflutning á allt að 1000 músum árlega.
2. Umsókn dagsett 17. jan. 2005, um leyfi fyrir Fyn -/- mýs. Fjöldi dýra á hverjum tíma yrði aldrei umfram 250 dýr.
3. Umsókn dagsett 17. jan. 2005, um leyfi fyrir DCGA+/- (ErbB4+/-) mýs. Fjöldi dýra á hverjum tíma yrði aldrei umfram 500 dýr.
4. Umsókn dagsett 17. jan. 2005, um leyfi fyrir DCGB+/- (NRG-1 +/-) mýs. Fjöldi dýra á hverjum tíma yrði aldrei umfram 500 dýr.

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 276/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Allar umsóknirnar eru um leyfi til innflutnings á erfðabreyttum tilraunamúsam af tegundinni húsamús (*Mus musculus*) og möguleika til ræktunar. Mýsnar eru ætlaðar til notkunar við rannsóknir. Allar mýsnar yrðu hýstar í nýrri tilraunadýraaðstöðu ÍE.

Ráðgjafanefndin fjallaði um umsóknirnar á fundum sínum 1. febrúar og 1. mars s.l. Nokkrar athugasemdir komu fram varðandi umsóknirnar, m.a. þyrfti að gera betur grein fyrir svipfarseinkennum músanna, útlitseiginleikum og eðli, og einnig áætlun um aðgerðir ef mýs sleppa út. Mikilvægt er að aðstaðan sé góð þannig að dýrin eigi sem minnsta möguleika á að sleppa út. Tilraunadýraaðstaða ÍE og þær vinnureglur sem eru viðhafðar eru mjög til fyrirmyndar og vandað er til við flutninga þegar dýrin koma til landsins, dýralæknir sér m.a. um að taka á móti dýrunum við hverja sendingu. Jafnvel þótt slysráðgjafanefndin yrði eru hverfandi líkur á að mýsnar myndu standa sig og breiðast út í samkeppni við villtar húsamýs.

Ráðgjafanefndin leggur til að umsóknirnar verði samþykktar, en farið verði fram á það við umsækjendur að áður nefnd atriði verði lagfærð.

F. h. ráðgjafanefndarinnar,

Eva Benediktsdóttir, formaður